

16. Stjórnarfundur hjá Alnæmisbörnum, 13. mars 2005

Haldinn 13. mars 2005 að Drápuhlíð 6, Reykjavík. Mætt voru: Helga Tulinius, Þórunn Sveinbjarnardóttir, María J. Gunnarsdóttir, Bjarni Reyr Kristjánsson og Gestur Gíslason. Fjarverandi var Hildur Gestdóttir.

Nýlokið var heimsókn Maríu og Hildar til CLF í Kampala.

- María lagði fram drög að skýrslu um ferð hennar og Hildar til CLF. Fram kom að stelpurnar voru ánægðar og var að sjá að starfið gengi vel. Hin fyrirhugaða nýja stjórn CLF hefur gert, eða lagt til heilmiklar breytingar á lögum CLF-NGO sem Maríu og Hildi leist misvel á. Gestur tók það að sér að fara yfir þessi nýju lög og gera athugasemdir. Það kom fram að Gestur hafði útbúið upphaflegu lög CLF-NGO.
- Hildur fékk miða sem Erla hafði keypt til Uganda og nýtti hann til fararinnar. Hildur greiddi sjálf fyrir Lundúnalegginn. Alnæmisbörn greiddi flug fyrir Maríu. Samorka greiddi MJG dagpeninga í tvo daga til heimsóknar í vatnsveitu í Kampala. Þeir voru notaðir til að greiða ýmsan kostnað í ferðinni.
- Viðskiptaferð Íslendinga er fyrirhuguð næsta þriðjudag, 15 mars. Fulltrúi Frostmark hefur boðist til að ferja hluti til CLF í Kampala.
- Eftir ferð Maríu og Hildar kom í ljós að rafspenna í CLF er of flöktandi fyrir tölvubúnaðinn svo að nauðsynlegt er að setja upp einhvers konar spennujafnara fyrir tölvubúnaðinn. Samþykkt var að Helga og María færu í það að kaupa spennujafnara og koma honum til Kampalafara á morgun. Rosette hafði útbúið lista um hluti sem helst vantaði og er hann hjá Maríu.
- María sýndi myndir úr ferðinni.
- Fram kom að hluti stelpnanna hjá CLF hafa ekki enn farið í alnæmispróf og var ákveðið að koma þeim skilaboðum til Rosette að hvetja þær til að fara. Alnæmisbörn eiga sem stendur fyrir því að setja þær allar á lyf ef á þarf að halda.
- Aðalfundur Alnæmisbarna er eftir tæpar tvær vikur. Fram kom að boða þyrfti til fundarins fyrir fimmtudaginn næsta.

Ritari: Bjarni Reyr Kristjánsson